

Fundur samstarfsnefndar um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

Samstarfsnefnd kom saman til 10. fundar á Teams þann 2. júní 2025 kl. 10:00.

Fundinn sátu:

- Guðveig Eyglóardóttir, Borgarbyggð
- Ragnhildur Eva Jónsdóttir, Borgarbyggð
- Jón Eiríkur Einarsson, Skorradalshreppi
- Kristín Jónsdóttir, Skorradalshreppi
- Lilja B. Ágústsdóttir, starfsmaður Borgarbyggðar
- Jón Hrói Finnsson, KPMG
- Lilja Ósk Alexandersdóttir, KPMG, sem ritaði fundargerð

Jón Hrói setti fundinn kl. 10:00.

1 Íbúakosning

Samstarfsnefnd leggur til í álitinu til sveitarstjórna að miða kosningaaldur við 16 ár í íbúakosningum samkvæmt heimild í 3. mgr. 133. gr. sveitarstjórnarlaga.

Samstarfsnefnd leggur til í álitinu til sveitarstjórna að fulltrúar í sameiginlega kjörstjórn vegna íbúakosningar um sameiningu verði tveir frá Skorradalshrepp og þrír frá Borgarbyggð.

2 Álit samstarfsnefndar til sveitarstjórna

Sveitarfélögin tvö hafa átt í farsælu samstarfi til áratuga og getur sameining þeirra skapað tækifæri til skilvirkari og markvissari stjórnsýslu og þjónustu, auk þess sem aðgengi íbúa að þjónustu verði jafnara. Þá eru jafnframt tækifæri til frekari atvinnuþróunar og nýsköpunar.

Vísbendingar eru um að fjárhagur sameinaðs sveitarfélags verði sterkur og fjárfestingargeta þess betri en hjá sveitarfélögunum hvoru um sig. Sérstök sameiningarframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á næstu árum myndu auka svigrúm til fjárfestinga í sameinuðu sveitarfélagi en nokkur óvissa er um áhrif sameiningar á tekju- og útgjaldajöfnunarframlög vegna fyrirhugaðra breytinga á úthlutunarreglum. Ef sameining leiðir til lækkunar munu sveitarfélögin þó halda óskertum framlögum í fjögur ár.

Að mati samstarfsnefndar lúta áskoranir sameinaðs sveitarfélags fyrst og fremst að mismunandi skatthlutföllum sveitarfélaganna og áhyggjum hluta íbúa Skorradalshrepps af því að missa áhrif á ákvarðanir í nærumhverfi sínu. Tækifæri liggja helst í að bæta þjónustu við íbúa beggja sveitarfélaga, auka fjárfestingagetu og auka slagkraft í hagsmunagæslu fyrir svæðið, s.s. í samskiptum við ríkið um innviðauppbýggingu og þjónustu hins opinbera.

Það er samdóma álit samstarfsnefndar um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps að fram skuli fara atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélaganna um sameiningu þeirra. Samstarfsnefnd telur að sameining muni hafa fleiri kosti í för með sér en ókosti fyrir íbúa og að henni fylgi tækifæri sem annars stæðu sveitarfélögunum ekki til boða.

3 Önnur mál:

GE kynnti fylgiskjal við álit samstarfsnefndar um þjónustu við íbúa.

Fundi slitið kl. 11:05.